



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Greining á búvörusamningum

Lokaskýrsla

Lokaskýrsla fyrir meginmálaflokk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið hófst árið 2011. Áfangaskýrsla I var kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 og áfangaskýrsla II í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir lokaáfangi verkefnisins og gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárlagafrumvarpi ársins 2015.

Texti fyrir fjárlagafrumvarpið

Þessi meginmálaflokkur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð lýtur að greiningu á búvörusamningum. Á árinu 2012 voru greind gögn Matvælastofnunar um beingreiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu en á árinu 2013 voru sambærileg gögn greind vegna sauðfjárframleiðslu og garðyrkju og voru áfangaskýrslur unnar fyrir hvort ár. Á árinu 2013 og 2014 voru niðurstöður þessarar greiningar rýndar af sérstökum hópi sérfræðinga í ráðuneytinu sem skilaði niðurstöðum sínum í júní 2014. Hópnum var falið að rýna og leggja fram tillögur um úrbætur ef úrbóta er þörf, s.s. vegna kerfislægra hindrana o.fl. Niðurstaða rýnihópsins á þá leið að ákvæði reglugerða um beingreiðslur fyrir sauðfé, mjólk og grænmeti, mæli fyrir um að hjón geti aðeins skráð sig sameiginlega handhafa beingreiðslna ef þau skrá sig sem sjálfstæðan rekstraraðila. Kerfislægar hindranir sem þessar er að finna í ákvæðum laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulögum) og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ákvæðin gera ráð fyrir að á hverju lögbýli sé aðeins einn framleiðandi skráður sem handhafi beingreiðslna. Til að bregðast við þessari kerfislægu hindrun í ákvæðum búvörulaga væri unnt að mæla fyrir um að framleiðendur sem skráðir eru handhafar beingreiðslna geti verið tveir á hverju lögbýli. Sé vilji til að breyta ofangreindu fyrirkomulagi þarf að leggja fram frumvarp til breytinga á ákvæðum búvörulaga og í kjölfarið breyta ákvæðum reglugerða sem stoð eiga í lögunum.

Rýnihópurinn telur einnig að skoða þurfi sérstaklega hvaða áhrif framangreind breyting hafi, með vísan til ákvæða annarra laga. Sérstaklega þarf að skoða hvort báðir framleiðendur geti verið með eitt virðisaukaskattsuppgjör og einnig að tryggt verði að lífeyrissjóðsgreiðslur af beingreiðslum sem tilgreindar eru sem tekjur skili sér í lífeyrissréttindum fyrir báða aðila. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur ekki forræði yfir þeirri löggjöf, en hún heyrir undir málefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Rýnihópurinn telur að verði tekin sú ákvörðun að breyta ákvæðum búvörulaga sé æskilegt að þess sé gætt að aðrar kerfislægar hindranir standi annars ekki í vegi.

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Dags	15. júní 2014
Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra	Hulda Lilliendahl	
Teymi	Hulda Lilliendahl, Ólafur Friðriksson, Kristín Edda Sigfúsdóttir	
Eigandi og stýrihópur	Kristján Skarphéðinsson, Sigurgeir Þorgeirsson	
Lýsing verkefnis	Gagnasöfnun, greining gagna og úrvinnsla	
Markmið verkefnis	Að fyrir liggi tölfræði um stöðu kynjanna sem nýtist stjórnvöldum við ákvarðanatöku um fjárveitingar, s.s. við fjárlagagerð, styrkúthlutanir o.fl.	
Jafnréttismarkmið verkefnis	Að stuðla að efnahagslegu jafnræði kynjanna í bændastétt.	

Staða verkefnis

Heildarstaða verkefnis						
		Græn <input type="checkbox"/>	Gul <input type="checkbox"/>	Rauð <input type="checkbox"/>		
		Græn Á áætlun	Gul þarfnast aðgerða	Rauð Kritískt	Útskýring á frávikum	
Tímaáætlun		<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>		
Fjárhagsáætlun		<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>		
Umfang		<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>		
Aðgerð: m.v. þá áfanga sem eru í verkáætlun og áttu að hefjast á þessu tímabili		Staða	Lokið	Áætluð lok	Lokið dags	Athugasemdir/áhættuþættir
1	Greining á áfangaskýrslu I og II og tilögur til úrbóta	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			
2		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				
3		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				
4		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				
5		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				
6		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				
7		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				
8		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>				

Staða: Græn = á áætlun, Gul = þarfnast aðgerða, Rauð = kritísk, þarf að láta yfirstjórn vita

Eru einhverjar aðgerðir sem þarf að grípa til söku áhættuþátta eða framvindu á þessum tímamarki? Ef já, þá hverjar?

Greining og niðurstöður

Í þriðja áfanga þessa meginmálaflokks atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis fór fram var rýnihópur að störfum. Hópnun var falið að rýna og leggja fram tillögur um úrbætur ef úrbóta væri þörf að mati hópsins, s.s. vegna kerfislægra hindrana o.fl. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum í júní 2014 og eru þær eftirfarandi:

Hópnun var falið að rýna Áfangaskýrslu II Greining á búvörusamningum og leggja fram tillögur um úrbætur ef úrbóta er þörf, s.s. vegna kerfislægra hindrana o.fl.

Í Áfangaskýrslu II er bent á að ákvæði reglugerða um beingreiðslur fyrir sauðfé, mjólk og grænmeti, mæli fyrir um að hjón geti aðeins skráð sig sameiginlega handhafa beingreiðslna ef þau skrá sig sem sjálfstæðan rekstraraðila. Sjálfstæður rekstraraðili er sá sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Kerfislægar hindranir sem þessar er að finna í eftirfarandi ákvæðum laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulögum) og reglugerðum settum samkvæmt þeim:

Sauðfé.

- 38. gr. búvörulaga
- 2. gr. reglugerðar nr. 262/2014 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2014-2017.

Mjólk.

- 53. gr. búvörulaga
- 6. gr. reglugerðar nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014.

Grænmeti.

- 59. gr. búvörulaga
- 7. gr. reglugerðar nr. 1227/2013 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2014.

Framangreind ákvæði gera ráð fyrir að á hverju lögbýli sé aðeins einn framleiðandi skráður sem handhafi beingreiðslna. Til að bregðast við þessari kerfislægu hindrun í ákvæðum búvörulaga væri unnt að mæla fyrir um að framleiðendur sem skráðir eru handhafar beingreiðslna geti verið tveir á hverju lögbýli. Sé vilji til að breyta ofangreindu fyrirkomulagi þarf að leggja fram frumvarp til breytinga á ákvæðum búvörulaga og í kjölfarið breyta ákvæðum reglugerða sem stoð eiga í lögunum.

Rýnihópurinn telur einnig að skoða þurfi sérstaklega hvaða áhrif framangreind breyting hafi, með vísan til ákvæða annarra laga. Sérstaklega þarf að skoða hvort báðir framleiðendur geti verið með eitt virðisaukaskattsuppgjör og einnig að tryggt verði að lífeyrissjóðsgreiðslur af beingreiðslum sem tilgreindar eru sem tekjur skili sér í lífeyrissréttindum fyrir báða aðila. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur ekki forræði yfir þeirri löggjöf, en hún heyrir undir málefna svið fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Rýnihópurinn telur að verði tekin sú ákvörðun að breyta ákvæðum búvörulaga sé æskilegt að þess sé gætt að aðrar kerfislægar hindranir standi annars ekki í vegi.

Reykjavík þann 8. júlí 2014

Hulda Lilliendahl
Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér áfangaskýrsluna, framvindu verkefnisins og næstu skref:

Kristján Skarphéðinsson
ráðuneytisstjóri